

283. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 7. janúar 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mættir:**

Kristín Björg Árnadóttir  
 Kristjana Hermannsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Rögnvaldur Ólafsson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Svandís Jóna Sigurðardóttir  
 Ari Bent Ómarsson í forföllum Kristjáns Þórðarsonar  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn og óskaði þeim gleðilegs nýs árs. Óskaði hún eftir að fá að taka inn sem 18. lið bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ varðandi Kúttmagakvöld. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1. **Fundargerð 268. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 17. desember 2015.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. **Fundargerðir 135., 136. og 137. fundar menningarnefndar Snæfellsbæjar, dags. 1. desember, 6. desember og 16. desember 2015.**  
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
3. **Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 22. desember 2015.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð 93. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. janúar 2016.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerð 78. fundar stjórnar FSS, dags. 17. desember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerðir 833. og 834. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. nóvember og 11. desember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 121. fundar stjórnar SSV, dags. 25. nóvember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 24. fundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 26. nóvember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
9. **Fundargerð 380. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 14. desember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
10. **Minnispunktur frá samvinnufundi Breiðafjarðarnefndar og fulltrúa sveitarfélaga við Breiðafjörð, dags. 3. nóvember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
11. **Bréf frá stjórn FSS, dags. 22. desember 2015, varðandi fjárhagsáætlunargerð og fjárhag málaflokks fatlaðs fólks.**  
Lagt fram til kynningar.

BMA

FS.

AA  
 BE  
 KA  
 LA

12. **Fundargerð fundar sem haldinn var með fulltrúum bæjarstjórnar og fulltrúum slökkviliðs Snæfellsbæjar, dags. 22. desember 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
13. **Bréf frá stjórn UMF Víkings/Reynis, dags. 5. janúar 2016, varðandi ósk um styrk.**  
Bæjarstjórn tekur undir það að það er mikil vinna sem felst í því að vera í stjórn ungmennafélagsins. Nú er hins vegar nýsamþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og betra hefði verið að fá þetta erindi í haust. Í styrkveitingum bæjarstjórnar fyrir árið 2016 er hins vegar gert ráð fyrir styrk upp á kr. 1.100.000.- vegna stöðu framkvæmdastjóra. Þegar þessi styrkur var upphaflega veittur var gert ráð fyrir því að starfsmaðurinn ynni fyrir ungmennafélögin og meistaraflokk Víkings. Bæjarstjórn hvetur stjórn UMF Víkings/Reynis að ræða við stjórn meistaraflokks Víkings um það hvort það sé ekki samstarfsgrundvöllur um þennan aðila. Að öðrum kosti verður bæjarstjórn að endurskoða form styrkveitingar vegna stöðu framkvæmdastjóra. Bæjarstjórn vill benda á að stjórn UMF Víkings/Reynis sendi erindið aftur fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð haustið 2016.
14. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 5. janúar 2016, varðandi ósk um umsökn bæjarstjórnar um umsókn Hobbitans ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki I að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík.**  
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Hobbitans ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki I að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd og slökkviliðsstjóri gefi jafnframt jákvæða umsögn.
15. **Bréf frá Mörkinni lögmannsstofu hf., dags. 18. desember 2015, varðandi launakjör starfsmanna í sundlaug Snæfellsbæjar.**  
Bæjarstjóri fór yfir málið. Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarstjóra og bæjarritara að vera í sambandi við lögmanninn um hentugan fundartíma.
16. **Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 18. desember 2015, varðandi umsögn um tillögu að deiliskipulagi svæðis hótél Búða.**  
Lagt fram til kynningar.
17. **Bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 22. desember 2015, varðandi gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.**  
Lagt fram til kynningar.
18. **Bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ, dags. 5. janúar 2016, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst vegna Kúttmagakvölds.**  
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða enda fellur það undir reglur bæjarstjórnar um niðurfellingar á húsaleigu félagsheimilanna. Bæjarstjórn tekur fram að niðurfellingin á einungis við um leigu, en ekki þrif, gjöld eða annan kostnað sem til gæti fallið.
19. **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri sagði frá starfsmannamálum.
  - Bæjarstjóri sagði frá máli Alm. umhverfisþjónustunnar.
  - Bæjarstjóri sagði frá nýjum samningi við Gámaþjónustu Vesturlands. Nú verður endurvinnslutunnan tæmd oftar en verið hefur.
  - Bæjarstjóri sagði frá auglýsingu sem verið var að bjóða Snæfellsbæ að taka þátt í. Bæjarstjórn samþykkti með 6 atkvæðum að vera með. Ari Bent sat hjá.
  - Bæjarstjóri sagði frá vatnsverksmiðjumálum.
  - Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirilitið.
  - Farið var yfir bráðabirgðatölur fyrir rekstur Snæfellsbæjar árið 2015.

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including the name "Bent" and other illegible scribbles.

KRISTÍN B. ÁRNADÓTTIR

Kristín Björg Árnadóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Frída Sveinsdóttir

Frída Sveinsdóttir

Björn H. Hilmarsson

Björn H Hilmarsson

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Rögnvaldur Ólafsson

Ari Bent Ómarsson

Ari Bent Ómarsson

Kristinn Jónasson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari